

REGLUR

um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Þá gilda reglur þessar um váttryggingasamstæður, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

2. gr.

Sniðmát fyrir gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.

Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegir framkvæmdarstaðlar að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á váttryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármála-starfsemi til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 31. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 31. og 32. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/894 frá 4. apríl 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar sniðmátin fyrir framlagningu upplýsinga frá váttrygginga- og endurtryggingafélögum til eftirlitsyfirvalda sem nauðsynlegar eru fyrir eftirlit þeirra og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2023 frá 27. október 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 93 frá 19. desember 2024, bls. 1-1596.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 13. mgr. 31. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 7. mgr. 31. gr. og 6. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1114/2021 um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna.

Seðlabanka Íslands, 19. desember 2024.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.